

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps
Tálknafjarðarhreppur
Strandgata 38
460 TÁLKNAFJÖRÐUR

Garðabær, 2. september 2022
Málsnúmer: 202208-0017
BK/LÁ/SBR

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi Tálknafjarðarhrepps fyrir Norður-Botn

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps, dags. 16. ágúst 2022, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps fyrir Norður-Botn og deiliskipulagsbreytingu sama efnis.

Þessar breytingar snúa að stækkun fiskeldisstöðvarinnar í Norður-Botni, færslu Bíldudalsvegur (63) og efnistöku ætlaðri til vegagerðar og uppbyggingar á iðnaðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur áður (17. febrúar 2022) að beiðni Umhverfisstofnunar veitt umsögn um fyrirhugaða lagningu frárennislagnar frá fiskeldisstöðinni í Norður-Botni.

Þar var lögð áhersla á að tryggt yrði að framkvæmd og rekstur frárennislagnarinnar valdi ekki óafturkræfri röskun á leirunum og ógni lífríki þeirra. Í Norður-Botni eru sandmaðksleirur með hátt verndargildi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013, eru á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem ber að vernda og auk þess að vera forgangsvistgerð við val Náttúrufræðistofnunar á B-hluta Náttúru-minjaskrár (<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/sandmadksleirur>).

Náttúrufræðistofnun vill ítreka frá fyrri umsögn að leirur eru viðkvæmar fyrir uppsöfnun næringarefna og því mikilvægt að áhrif stækkunar fiskeldis á lífríki leirunnar sé vel vaktað. Þá eru leirur meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi. Eins og fram kemur í kafla 5.2.16 skal vakta með reglubundnu eftirliti virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna, dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka, ástand viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar losunar. Þá skal einnig meta umhverfisástand sjávarbotns. Ljóst er að upplýsingar um núverandi stöðu á lífríki framkvæmdasvæðisins eru ófullnægjandi og þarf að bæta úr því.

Nýr vegur mun fara að stærstu leyti yfir land sem hefur tekið breytingum frá upprunalegu ástandi, m.a. vegna framræslu og túnræktar. Sunnan við Botnsá mun vegurinn fara yfir ógróna skriðukeilu úr Miðdegisgili og er full ástæða til að kanna frekari skriðuhættu á þessu svæði.

Námur (E3 og E6) í breyttu deiliskipulagi eru staðsettar á nýjum stöðum og E3 virðist nú þegar vera komin í notkun. Þegar skoðaðar eru loftmyndir af svæðinu má sjá að gífurlegt rask hefur nú þegar orðið á árfarvegi Botnsár. Einnig má sjá gamla gryfju á milli efnistökusvæðanna E3 og E6 eins og þær eru teiknaðar á mynd 5.3. í deiliskipulaginu. Svona umfangsmikil efnistaka í virkum árfarvegi hefur víðtæk áhrif á rof og setmyndun annars staðar í ánni auk þess sem leirurnar og lífríki þeirra eru háðar framburði Botnsár. Því er afar mikilvægt að rennsli árinna sé óheft til sjávar. Umfang námasvæða á kortum er mikið en takmarka ætti efnistöku á óröskuðum svæðum eftir fremsta megni. Reikna má með að fuglalíf í dalnum sé nokkurt,



sérstaklega í ljósi þess að tiltölulega lítið er um heppileg láglandissvæði fyrir mófugla á þessum slóðum. Vegna þessa er því enn mikilvægara að halda raski vegna efnistöku í lágmarki.

Náttúrufræðistofnun vill koma því á framfæri að mikilvægt er að allur frágangur við efnistökusvæði, sem og við nýja veglögn, sé vandaður þannig að sýnileiki og umhverfisáhrif framkvæmda verði í lágmarki.

Þá telur Náttúrufræðistofnun fulla þörf á eftirliti með efnistöku við Botnsá og eins þarf að koma fram hvort þar séu geymd spilliefni.

Samfella búsvæða er mikilvæg því dýralífi sem þrífst á strandsvæðum. Framkvæmdir þurfa að taka mið af því að ekki sé verið að hindra eðlilegt far þeirra um búsvæðið til lengri tíma. Huga þarf að þessu þegar frárennislögn er sett út í sjó, við nýja veglagningu, stækkun námasvæðis sem og við frágang framkvæmda.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

